

Fundur - 9. nóvember 2005

Ár 2005 kom umhverfis- og náttúruverndarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Fundurinn hófst kl. 13:00. Allir aðalmenn mættir. Einnig mætt Ragnhildur Helga Jónsdóttir frá Staðardagskrá 21 í Borgarnesi. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

- 1) Farið var yfir staðardagskrárplagg sem Ragnhildur var búin að senda nefndarmönnum. (Tómas Sigurgeirsson yfirgaf fundinn kl. 14:50). Verkefnið er nú komið á það stig að huga þarf að kynningu.
- 2) 9. ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda 17. nóvember 2005. Um er að ræða lögbundinn fund sem haldinn verður að þessu sinni í Reykjavík. Nefndarmenn eiga bágð með að mæta á fundinn þótt áhugaverður sé. Umhverfisþing verður síðan haldið 18-19. nóvember, einnig í Reykjavík og hefur formanni nefndarinnar verið boðið þangað. (Tómas kom aftur inn á fundinn kl. 16:35).
- 3) Borist hefur kvörtun vegna notkunar mótorhjóla við smalamennsku nú í haust á svæðinu frá Músará út að Kinnarstöðum í Þorskafirði (skemmdir á gróðri, hestar fældust). Samkv. 5.gr. 1. málsg. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands gildir eftirfarandi: “Við akstur vegna starfa við landbúnað er heimilt að aka utan vega á ræktuðu landi. Einnig er heimilt að aka utan vega á landi, utan miðhálendisins, sem sérstaklega er nýtt sem landbúnaðarland, ef ekki hljótask af því náttúruspjöll.” Nefndin beinir því til mótorhjólamanna að taka tillit til aðstæðna og níðast ekki á landi. Mikilvægt er einnig að taka tillit til ríðandi smala.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:00

*Ragnhildur Helga Jónsdóttir (sign)*

*Ása B. Stefánsdóttir (sign)*

*Tómas Sigurgeirsson (sign)*

*Bjarki Stefán Jónsson (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*